

# Ályktanir ársþings SASS 2010

## Velferðarmál

### Heilbrigðisþjónusta á Suðurlandi

Ársþing SASS, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, varar við því að áframhaldandi niðurskurður í heilbrigðismálum muni að öllum líkindum koma niður á grunnþjónustu til almennings. Ársþingið leggur áherslu á að staðinn verði vörður um þjónustu héraðssjúkrahúsanna og hún frekar eflað frá því sem nú er. Rekstur þessara sjúkrahúsa er hagkvæmur samkvæmt úttekt Guðrúnar Bryndísar Karlsdóttur, verkfræðings, og gæti orðið enn hagkvæmari með auknum verkefnum. Mikilvægt er að hafa í huga að sjúkrahúsþjónustan og heilsugæslan eru samofin og niðurskurður á öðrum þættinum hefur skaðleg áhrif á starfsemi hins. Ekki má heldur horfa fram hjá þeim samfélagskostnaði og óþægindum sem fylgja því að flytja verkefni frá þeim til Landspítalans eins og hugmyndir hafa verið uppi um. SASS skorar á ráðherra heilbrigðismála og alþingismenn að standa vörð um heilbrigðisþjónustuna og um leið velferð og öryggi íbúa svæðisins.

### Tilfærsla málefna fatlaðra

Ársþing SASS fagnar þeirri samstöðu sem náðst hefur um myndun sameiginlegs þjónustusvæðis fatlaðra á Suðurlandi. Hvatt er til þess að unnið verði kappsamlega að undirbúningi tilfærslunnar um næstu áramót þannig að hún gangi átakalaust fyrir sig og verði sveitarfélögunum til sóma og notendum þjónustunnar til heilla.

Ársþing SASS hvetur einnig Félags- og tryggingamálaráðuneytið til þess að samþykka beiðnir Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Vestmannaeyjabæjar um rekstur málaflokksins vegna reynslu af rekstri hans og landfræðilegrar sérstöðu.

### ART verkefni

Ársþing SASS, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, hvetur stjórnvöld og sveitarfélög til að tryggja starfsemi ART meðferðarteymisins á næstu árum. Hlutverk ART teymisins á Suðurlandi er tvíþætt. Annars vegar er það þjónustuúrræði í grunn- og leikskólum og þar unnið í samvinnu við skólayfirvöld og foreldra og hins vegar er það meðferðarúrræði fyrir þau börn og fjölskyldur sem vísað er til teymisins í gegnum barnavernd. Árangur af þessu starfi undanfarin ár hefur verið einstaklega góður. Ársþingið leggur til að gerður verði samningur til 5 ára á milli sveitarfélaganna og ráðuneytanna þriggja; heilbrigðisráðuneytisins, félags- og tryggingamálaráðuneytisins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins, um starfsemi meðferðarteymisins. Tryggja þarf greiðslur fyrir þau börn sem eiga lögheimili utan þjónustusvæðisins og nýta sér ART meðferðarúrræðið.

Ársþing SASS leggur einnig til að verkaskipting ríkis og sveitarfélaga varðandi barnaverndarmál og meðferðarvinnu verði tekin til endurskoðunar. Grunnskólar og barnavernd eru á ábyrgð sveitarfélaganna og því telur fundurinn mikilvægt að taka

til endurskoðunar verkaskiptasamning ríkis og sveitarfélaga og hlutverk Barnaverndarstofu í því samhengi.

### **Atvinnuleysi og aðrar afleiðingar kreppunnar**

Efnahagskreppan hefur haft alvarlegar afleiðingar fyrir fjölda fólks. Atvinnuleysi hefur stóraukist og hagur margra fjölskyldna er mjög erfiður. Nú eru um 700 manns atvinnulausir á Suðurlandi, flestir í neðanverðri Árnassýslu, eða 5,3% vinnuafis. Álag á félagsþjónustu sveitarfélaganna hefur því stóraukist. Ársþing SASS, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, hvetur sveitarfélög og ríkið að standa vörð um hagsmuni almennings og einstaklinga í erfiðum aðstæðum og ekki síst barna og unglunga með öllum tiltækum ráðum. Ársþing SASS skorar á heilbrigðisyfirvöld að tryggja skólahjúkrun grunnskólabarna.

### **Þjónustusamningur Sveitarfélagsins Hornafjarðar og ríkis um heilbrigðis og öldrunarmál**

Ársþing SASS, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, hvetur heilbrigðisráðuneytið og félags- og tryggingamálaráðuneytið til þess að ljúka við gerð þjónustusamnings við Sveitarfélagið Hornafjörð um heilbrigðis- og öldrunarmál í sveitarfélaginu í samræmi við ábendingar Ríkisendurskoðunar. Samningar hafa verið lausir frá 1. janúar 2007. Sveitarfélagið hefur annast reksturinn frá 1996 og mikilvægt er að eyða óvissu um hann.

## **Umhverfis- og skipulagsmál**

### **Sjálfbær þróun um nýtingu náttúruauðlinda**

Ársþing SASS, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, leggur áherslu á að andi sjálfbærrar þróunar verði leiðarljós í áætlunum um nýtingu auðlinda. Suðurland er ríkt af orkuauðlindum og er sjálfbærni og endurnýjun grundvallarþáttur í útfærslu og framkvæmd áætlana um nýtingu orkuauðlinda landsins. Ennfremur leggur ársþing SASS áherslu á að orka er til verður í héraði verði nýtt til atvinnusköpunar á Suðurlandi.

### **Vatnajökulsþjóðgarður**

Ársþing SASS, haldið á Selfossi 13. og 14. September, leggur áherslu á að í uppbyggingu og rekstri Vatnajökulsþjóðgarðs verði uppbygging atvinnulífs og efling byggðar höfð að leiðarljósi ásamt náttúruvernd og auknum möguleikum til útivistar. Frá því að umræða hófst um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs hefur verið lögð megin áherslu á að þjóðgarðurinn verði aflvaki fyrir jákvæða þróun byggðar á nærsvæði hans. Ársþing SASS hvetur til þess að staðfest verði sú atvinnustefna sem fram kemur í verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs við gildistöku hennar. Ársþingið ítrekar jafnframt að staðið verði við fyrirheit um fjárframlög sem gefin voru við setningu laga um Vatnajökulsþjóðgarð.

### **Ný lög - meðferð skipulagsmála - staðfesting aðalskipulags**

Ársþing SASS, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, fagnar því að ný skipulagslög skuli nú loksins hafa hlotið samþykki Alþingis. Með samþykkt þeirra mun meðferð skipulagsmála væntanlega falla í skýrari farveg en hingað til.

### **Sorpurðun**

Ársþing SASS, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, beinir þeim tilmælum til nýrrar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands að allra leiða verði leitað til að minnka umfang þess efnis sem sent er til urðunar. Jafnframt hvetur ársfundurinn aðildarsveitarfélög til að skoða með opnum huga möguleika á staðsetningu úrvinnslustöðvar í sveitarfélögunum sem þá gæti jafnframt orðið miðstöð endurvinnslu og úrvinnslu á nýtanlegu hráefni auk urðunar.

### **Þjóðgarðurinn á Þingvöllum**

Ársþing SASS, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, gerir athugasemdir við að sérlög skuli gilda um þjóðgarðinn á Þingvöllum þar sem hann er undanskilinn lögum um frístundabyggð. Ársþing SASS leggur jafnframt til að við 2. grein laganna verði bætt ákvæði um að fulltrúi Bláskógabyggðar fái sæti í Þingvallanefnd til viðbótar þeim 7 þingmönnum sem í henni sitja, eða til vara, fái áheyrnarfulltrúa í nefndinni. Rökin eru augljós en verkefni nefndarinnar skarast að sumu leyti á við verkefni sveitarfélagsins skv. lögum og því nauðsynlegt að fullt samráð sé á milli þessara aðila auk þess sem nauðsynlegt upplýsingaflæði verði tryggt.

### **Svifryksmælingar**

Ársþing SASS, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, telur nauðsynlegt fyrir velferð íbúa að SASS hafi forgöngu um fjármögnun á færanlegum svifryksmæli og í kjölfarið verði Heilbrigðiseftirliti falin umsjón og vöktun mælinganna. Horft verði til hagkvæmni og færanleika tækisins til nýtingar á þeim stað þar sem þörfin er mest hverju sinni.

Í þeim náttúruhamförum sem gengu yfir Suðurland þegar eldgosíð í Eyjafjallajökli hófst, er ljóst að íbúar, sveitarfélög, Almannavarnir og aðrir aðilar þurftu að takast á við afar erfitt verkefni. Afleiðingar urðu margvíslegar fyrir samfélagið en helsta langtímaógnunin fyrir velferð íbúa svæðisins er svifryk/aska í lofti.

### **Fráveituframkvæmdir sveitarfélaga**

Ársþing SASS, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, ítrekar nauðsyn þess að teknir verði upp styrkir til sveitarfélaga vegna fráveituframkvæmda. Ljóst er að sveitarfélög munu eiga mjög erfitt með að uppfylla þær lagaskyldur sem á þau eru settar nema með stuðningi. Sveitarfélög á landsbyggðinni búa mörg hver við mjög viðkvæma viðtaka og verða því að fara í mjög kostnaðarsamar aðgerðir til þess að koma sínum fráveitumálum í lag. Ársþingið vill einnig árétta að málefnið er ekki hagsmunamál einstakra sveitarfélaga heldur lífríkisins alls og þar með sameiginlegur ávinningur allra.

Í ljósi þess að íslenskum sveitarfélögum er gert að uppfylla strangari kröfur í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ heldur en tilskipun ESB gerir ráð fyrir, beinir Ársþing SASS þeim eindregnu tilmælum til ríkisins að halda áfram að veita styrk vegna fráveituframkvæmda.

Ársþing SASS bendir sérstaklega á að taka þurfi út úr reglugerðinni hið íslenska ákvæði sem snýr að því að sveitarfélög við sjó þurfa að uppfylla mun strangari kröfur um þynningarsvæði en gerist og gengur í löndum Evrópusambandsins.

### **Lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna**

Ársþing SASS, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, hvetur ríkisstjórnina til að setja sem fyrst reglugerð skv. lögum 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og gefa þannig sveitarfélögunum tæki til útfærslu á lögnum.

Með lögnum eru settar nýjar skyldur á sveitarfélögin auk útvíkkaðra skyldna á eldri verkefnum. Þar er heimild til reglugerðarsetningar um frekari útfærslu á þeim og telja sveitarfélögin að slík reglugerð sé nauðsynlegt tæki til að vinna að þessum málum á samræmdum og samhæfðum grunni.

## **Mennta- og menningarmál**

### **Menntun fyrir alla**

Ársþing SASS, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, leggur ríka áherslu á uppbyggingu menntunar á öllum skólastigum og góðrar aðstöðu til fjarkennslu í öllum fjórðungnum. Gott aðgengi að menntun er ein mikilvægasta forsenda byggðar í landinu og stuðlar að nýsköpun í atvinnulífi. Nú sem aldrei fyrr er mikilvægt að efla aðgengi fólks að endur- og símenntun.

### **ART verkefnið á Suðurlandi**

Ársþing SASS, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, skorar á ríkisvaldið að tryggja nauðsynlegar fjárveitingar til ART verkefnisins á Suðurlandi. ART verkefnið hefur staðið frá árinu 2006. Nú starfa 3 sérfræðingar í 2,5 stöðugildum við meðferð og ráðgjöf úti í skólunum sjálfum. ART verkefnið skiptir miklu máli fyrir fjölmarga einstaklinga og fjölskyldur auk þess að styrkja skólustarf á Suðurlandi í heild. Aðalfundur felur stjórn SASS að skipa þriggja manna starfshóp sem hafi það hlutverk að ná samningi við ríkið um framlag þess til verkefnisins.

### **Þekkingar- og háskólasetur á Suðurlandi**

Ársþing SASS, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, telur að efling háskóla- og fræðastarfs í fjórðungnum sé ein megin forsenda jákvæðrar búsetuþróunar og aukinna lífsgæða. Ársþingið leggur því ríka áherslu á að ríkisvaldið tryggi þessari starfsemi fjármagn til enn frekari uppbyggingar í fjórðungnum. Víða er unnið gróskumikið starf á þessu sviði, má þar nefna Nýheima á Höfn, Þekkingarsetrið í Vestmannaeyjum og Háskólafélag Suðurlands. Ársþingið hvetur sveitarfélög til að standa þétt að baki þessarar starfsemi og tryggja að allir íbúar fjórðungsins hafi aðgengi að þjónustunni. Ársþingið hvetur þekkingar- og háskólasetur til að auka

samstarf sín í milli innan fjórðungsins og jafnframt skorar ársþingið á aðildarsveitarfélögin að efla samstarf sitt við rannsóknarmiðstöðvarnar.

Mjög mikilvægt er að greiða fyrir aðgangi fullorðins fólks að framhalds- og háskólanámi á Suðurlandi og ekki síst nú þegar kreppa ríkir í atvinnumálum. Þar gegna háskólafélagið og símenntunarmiðstöðvarnar lykilllutverki.

Ársþing SASS beinir því til stjórnar SASS að kannaðir verði möguleikar á að Háskóli Íslands í samstarfi við Háskólafélag Suðurlands, Nýheima og Visku komi á fót námi í matvælafræði á Suðurlandi en það nám hefur átt undir högg að sækja við H.Í. á undanförunum árum. Bent er á í þessu sambandi að á Suðurlandi er mikil og fjölbreytt matvælaframleiðsla bæði í tengslum við landbúnað og sjávarútveg. Matvælastofnun er staðsett á Selfossi og hefur Mátis starfstöðvar á Höfn og í Vestmannaeyjum og á Flúðum er starfsstöð væntanleg.

### **Sjávarrannsóknarmiðstöð í Vestmannaeyjum.**

Ársþing SASS, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, skorar á Alþingi að tryggja sjávarrannsóknarmiðstöðinni sem hefur verið í uppbyggingu í Vestmannaeyjum fjármagn til reksturs. Rannsóknarmiðstöðin hefur þegar hafið störf en hún hefur verið í uppbyggingu frá árinu 2007 í kjölfar mótvægisáðgerða ríkisstjórnarinnar vegna niðurskurðar á þorskvóta. Áætlað er að miðstöðin verði fullkláruð um mitt ár 2011 en þá verður nauðsynlegt að tryggja stöðinni fjármagn til að halda úti grunnrekstri. Miðstöðinni verður ætlað að sinna bæði vísinda- og kennsluverkefnum og verður hún aðgengileg m.a. fyrir nemendur, rannsóknarstofnanir og fyrirtæki á Suðurlandi.

### **Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði**

Ársþing SASS haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010 skorar á Alþingi að rekstur Rannsóknarmiðstöðvar H.Í. í jarðskjálftaverkfræði, sem hefur verið starfrækt á Selfossi undanfarinn áratug með góðum árangri, verði tryggður. Jarðskjálftamiðstöðin hefur að mestu verið rekin fyrir sjálfsaflafé en jafnframt notið framlags af fjárlögum. Líkur eru á því að ef það framlag fellur niður verði ekki lengur grundvöllur fyrir starfsemi á Selfossi. Mikill skaði væri ef starfsemin legðist niður í ljósi þess gagns sem orðið hefur af henni. Ársþing SASS skorar því á Alþingi að tryggja áframhaldandi framlag til starfseminnar.

### **Verknámshús við Fjölbrautaskóla Suðurlands**

Ársþing SASS, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, fagnar undirritun samkomulags mennta- og mannréttindamálaráðuneytis við sveitarfélögin um að hefja hönnun viðbyggingar við verknámshús Fjölbrautaskóla Suðurlands á grundvelli þarfagreiningar sem liggur fyrir. Sveitarfélögin hafa þegar lagt fram fé til verkefnisins. Stefnt verði að því að verkið verði síðan boðið út og ríkið geri ráð fyrir fjármögnun af sinni hálfu þannig að verkið geti hafist fyrir árslok 2011.

## **Nýtt samstarf**

Árþing SASS, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, fagnar þeim möguleikum er hafa skapast fyrir samstarf milli Vestmannaeyja og Suðurlands með tilkomu Landeyjahafnar. Árþingið hvetur samgönguráðherra til að endurskoða siglingaráætlun Herjólfss með hliðsjón af þessum möguleikum. Ljóst er að nauðsynlegt er að ríkið tryggi að minnsta kosti fjórar ferðir á dag yfir vetrartímam til að hægt sé að sækja nám á milli þessara svæða.

## **Menntaþing**

Árþing SASS, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, beinir því til stjórnar SASS að standa fyrir menntaþingi á komandi vetri þar sem staða og framtíð menntunar á Suðurlandi yrði til umfjöllunar. Þingið verði haldið í samráði við Skólaskrifstofu Suðurlands, Háskólafélag Suðurlands og aðrar mennta- og rannsóknarstofnanir á svæðinu.

## **Einingarbært nám grunnskólanema í framhaldsskólum**

Árþing SASS, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, skorar á mennta- og menningarmálaráðherra að fara að lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 sem tryggja grunnskólanemendum sem lokið hafa grunnskólaprófi í einstökum greinum rétt til að hefja nám á framhaldsskólastigi samhliða námi í grunnskóla án kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin. Enginn sparnaður er fólgin í því að halda aftur af bráðgerum nemendum í námi.

## **Menningarsamningar tryggðir**

Árþing SASS, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, hvetur mennta- og menningarmálaráðuneytið annars vegar og iðnaðarráðuneytið hins vegar til að ganga nú þegar frá samningum við sveitarfélögin um framhald menningarsamninganna. Enn fremur þarf að tryggja fjármagn til að koma til móts við stækkun starfssvæðis menningarsamnings Suðurlands með inngöngu Hornfirðinga í samninginn. Að endingu leggur árþingið til að samið verði til a.m.k. þriggja ára í senn.

## **Menningarhús á Suðurlandi**

Árþing SASS, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, beinir þeim tilmælum til stjórnar SASS að athugað verði hver staðan er á nýtingu framlags til menningarhúss á Suðurlandi og hlutist til um að það falli ekki niður heldur skapi atvinnu á svæðinu hið fyrsta.

## **Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi (landnotkunarsetur)**

Árþing SASS, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, skorar á Alþingi að landnotkunarsetur Háskóla Íslands á Suðurlandi sitji við sama borð og önnur fræðasetur á landsbyggðinni sem heyra undir Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands

hvað varðar fjárframlög. Í fjárlögum 2009 og 2010 var veitt 5 m.kr til hvers og eins fræðasetranna nema landnotkunarsetursins sem einungis hefur fengið árlegt framlag upp á 2 m.kr.

## **Atvinnumál**

### **Atvinnuástand**

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Selfossi dagana 13. og 14. september 2010, bendir á að rúmlega 700 manns eru atvinnulausir á svæðinu. Þegar mest lét í mars fyrr á þessu ári voru alls 1023 atvinnulausir. Mikilvægt er að sveitarfélög og ríki vakti atvinnuástand og grípi til viðeigandi úrræða. Einnig er mikilvægt að fá nánari greiningar á þeim atvinnutölum sem Vinnumálastofnun gefur út. Ársþing SASS telur mikilvægt að framkvæmd við Búðarhálsvirkjun verði hraðað.

### **Ferðþjónusta allt árið**

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Selfossi dagana 13. og 14. september 2010, hvetur til aukins samstarfs á milli ferðþjónustuaðila, sveitarfélaga og ríkis til frekari uppbyggingar og markaðssetningar á heilsársferðþjónustu. Suðurland er nú þegar helsti viðkomustaður ferðamanna sem leggja leið sína til Íslands. Ársþing SASS leggur áherslu á að bæta aðstöðu og aðgengi fyrir ferðamenn á fjölsóttum ferðamannastöðum. Með tilkomu Landeyjarhafnar, Geopark í Rangárvall- og Vestur - Skaftafellssyslu, Vatnajökulspjóðgarðs til viðbótar við Þingvallarþjóðgarð og aðrar náttúruperlur skapast enn fleiri tækifæri í ferðþjónustu. Komi til skattlagningar á komu ferðamanna til Íslands er mikilvægt að þeim fjármunum sé varið til uppbyggingar á fjölförnum ferðamannastöðum.

### **Fullvinnsla matvæla**

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Selfossi dagana 13. og 14. september 2010, telur mikilvægt að stuðla að aukinni fullvinnslu matvæla og tryggja aðgengi að ferskum íslenskum matvælum m.a. með sölu beint frá býli. Ársþing leggur áherslu á að stutt verði við frekari uppbyggingu á matvælasmiðjum og tengja þær enn frekar við framleiðendur alls staðar af svæðinu.

### **Orkunýting á Suðurlandi**

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Selfossi dagana 13. og 14. september 2010, telur mikilvægt að ríki og sveitarfélög á Suðurlandi standi saman að atvinnuuppbyggingu á þeim svæðum þar sem landrými er fyrir hendi og virkjanleg orka til staðar. Mikilvægt er að sveitarfélög á Suðurlandi standi vörð um orkumál sérstaklega þegar höfð eru í huga þau áform Landsnets að byggja upp línu frá Hellisheiði út á Reykjanes með flutningsgetu frá 1600 - 2000 MW. Nái áform Landsnets fram að ganga er ljóst að öll orka sem verður til á Suðurlandi í nánustu framtíð verður flutt á annan landshluta til atvinnuuppbyggingar.

Ársþing SASS telur grundvallarforsendu fyrir nýtingu orku á Suðurlandi í framtíðinni að hún sé nýtt í héraði.

### **Skerðing á þjónustu ríkisins á landsbyggðinni.**

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Selfossi dagana 13. og 14. september 2010, gerir þá kröfu að við gerð fjárlaga verði jafnræðis gætt á milli landshluta. Sérstaklega sé horft til þess að stór svæði utan áhrifasvæðis höfuðborgarinnar nutu að engu eða að litlu leyti þess uppgangs sem var fyrir efnahagshrunið.

Breytingar á sýslumannsembættum, embætta lögreglustjóra, héraðsdómara, skattstjóra og skerðing á grunnþáttum í heilbrigðisþjónustu svo sem sjúkraflutningum eru dæmi um vinnubrögð þar sem þessa jafnræðis er ekki gætt. Slíkar aðgerðir munu hins vegar leiða af sér verra aðgengi að þjónustu og aukinn kostnað við að fá þjónustu sem lenda mun á íbúum svæðisins. Veruleg hættu er á að störfum sem krefjast menntunar fækki við áformaðar aðgerðir. Þingið bendir einnig á að rekstrarkostnaður á landsbyggðinni getur verið umtalsvert lægri en á höfuðborgarsvæðinu.

Ársþing SASS telur nauðsynlegt að nánara samstarf verði við sveitarfélögin og íbúa þegar ráðist er í breytingar á grunnþjónustu.

### **Raforkuverð til garðyrkjubænda**

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Selfossi dagana 13. og 14. september 2010, skorar á þingmenn Suðurlands að beita sér fyrir því að fundin verði viðunandi lausn á rafmagnsverði til garðyrkjubænda. Suðurland er vagga matvælaframleiðslu á Íslandi og til þess að styrkja samkeppnisgrundvöll blóma- og grænmetisframleiðenda á tímum sem þessum er mjög mikilvægt að lækka rafmagnskostnað til framleiðenda til samræmis við það verð sem selt er á til stórnotenda.

Þetta alvarlega ástand gæti hæglega leitt til gjaldþrota í stórum stíl í stéttinni með þeim afleiðingum að framleiðsla íslensks grænmetis mun minnka í stað þess að aukast eins og mjög mikilvægt er að gerist með tilliti til veikrar stöðu krónunnar.

### **Niðurgreiðslur til húshitunar**

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Selfossi dagana 13. og 14. september 2010, skorar á þingmenn og ríkisstjórn að standa vörð um niðurgreiðslur til húshitunar. Þingið telur að hækka þurfi fjárlagaliðinn við gerð fjárlaga árið 2011. Þingið bendir á að á sama tíma og raforkuverð hefur hækkað verulega, hefur fjárlagaliðurinn og þar með taldar niðurgreiðslunnar, staðið í stað. Á árinu 2010 eru 960 miljónnum ráðstafað til niðurgreiðslna en hefðu þurfti að vera um 1.500 miljónir ef þær hefðu fylgt verðlagsþróun frá 2005. Þingið telur niðurgreiðslunnar mjög mikilvægt byggða- og réttlætismál, þar sem húshitunarkostnaður vegna rafkyndingar hefur staðið mjög höllum fæti í samanburði við jarðvarmaveitur. Sá munur hefur farið vaxandi með verulegum hækkunum raforkuverðs á undanförunum misserum.

## **Áhrif hrossapestarinnar á hestamennsku á Suðurlandi**

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Selfossi dagana 13. og 14. september 2010, lýsir yfir áhyggjum af afkomu hestamennsku sem atvinnugreinar í ljósi þess ástands sem hrossapestin hefur skapað. Árþing SASS hvetur til að opinberir aðilar vakti atvinnugreinina og komi til móts við hana eftir aðstæðum.

## **Samgöngumál**

### **Haldið verði áfram uppbyggingu vegakerfisins á Suðurlandi**

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Selfossi, 13. og 14. september 2010, leggur áherslu á að áfram verði haldið uppbyggingu og samgönguúrbótum á Suðurlandi. Framkvæmdir við fyrsta áfanga tvöföldunar Suðurlandsvegur hefjast innan nokkurra vikna og vænlega horfir um viðræður við lífeyrissjóðina um fjármögnun þeirra á veginum í heild ásamt brú yfir Ölfusá við Selfoss. Áform um að nýta brúarmannvirki yfir Ölfusá sem jöfnunarmannvirki vegna raforkuvirkjunar eru framsæknar og ættu að styrkja þjóðhagslegan ávinning af verkefninu enn frekar. Framkvæmdum er lokið við Landeyjahöfn og hún tekin í notkun. Framkvæmdir við brú yfir Hvítá og veg á milli Flúða og Reykhólts eru langt komnar sama gildir um Lyngdalsheiðarveg á milli Laugarvatns og Þingvalla og Suðurstrandarveg á milli Þorlákshafnar og Grindavíkur. Nauðsynlegt er fyrir framtíðar- uppbyggingu samfélagsins að innviðir þess verði styrktir og þar eru samgöngur ein af grunnstoðunum. Mikilvægt er einnig að sporna gegn samdrætti og atvinnuleysi með verklegum framkvæmdum hins opinbera. Árþingið vekur sérstaka áherslu á nauðsyn úrbóta í samgöngumálum í Sveitarfélaginu Hornafirði og bendir á að engar stærri vegaframkvæmdir eru þar í gangi þrátt fyrir mikinn fjölda einbreiðra brúa á þjóðvegi 1 og brýna þörf fyrir nýtt vegstæði og brú yfir Hornafjarðarfljót.

### **Fjármögnun Suðurlandsvegur**

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Selfossi, 13. og 14. september 2010, fagnar því að framkvæmdir eru að hefjast við tvöföldun Suðurlandsvegur innan nokkurra vikna og leggur mikla áherslu á að Suðurlandsvegur á milli Selfoss og Reykjavíkur verði tvöfaldaður allur og viðræðum við lífeyrissjóðina verði lokið sem fyrst um fjármögnun framkvæmdarinnar. Til þess liggja fjölmörg rök. Í fyrsta lagi er mjög mikil og vaxandi umferð um veginn. Í öðru lagi er há slysatíðni á veginum og í þriðja lagi liggur fyrir að arðsemi tvöföldunar er mjög mikil. Einnig er ljóst skv. könnunum að almenningur telur þessa framkvæmd langbrýnasta úrlausnarefnið í samgöngumálum þjóðarinnar. Árþingið bendir á að áætlað hefur verið að með tvöföldun Suðurlandsvegur geti sparast allt að 500 milljónir króna árlega vegna færri slysa, þar af sparnaður tryggingafélaga um 300 milljónir króna og ríkisins um 200 milljónir króna vegna ýmiss kostnaðar sem af umferðarslysum hlýst.

Vegna tillagna sem fram hafa komið um veggjöld í tengslum við tvöföldun Suðurlandsvegur leggur árþing SASS áherslu á að sanngjarnara og ódýrara væri að leggja á sérstakt eldsneytisgjald til að fjármagna þessar framkvæmdir sem og aðrar brýnar samgöngu- framkvæmdir annars staðar á landinu. Með þeim hætti eru bein

tengsl á milli notkunar og gjalda auk þess sem allir vegfarendur greiða hvort sem farið er um fáfarna eða fjölfarna vegi. Þá er augljóst að nokkur kostnaður verður vegna innheimtu veggjalda sem hægt væri að komast hjá með álagningu sérstaks eldsneytisgjalds.

### **Tvívreiðar brýr í stað einbreiðra**

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, veður sérstaka athygli á að enn er fjöldi einbreiðra brúa í vegakerfinu á suðursvæði Vegagerðarinnar. Staðreyndin er að um 20 einbreiðar brýr eru á þjóðvegi 1 í Skaftafellssýslum, flestar í A-Skaftafellssýslu. Á meðan þær eru við lýði er öryggi vegfaranda ógnað. Sú ógn fer vaxandi með aukinni og þyngri umferð stórra flutningabíla og einnig mikilli fjölgun ferðamanna. Í því sambandi er bent á að Jökulsárlón á Breiðamerkursandi er einn vinsælasti ferðamannastaður landsins. Því er mikilvægt að gert verði stóráttak í tvöföldun brúa.

### **Nýtt vegstæði fyrir Hornafjörð**

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, leggur mikla áherslu á að farið verði að aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar þegar ráðist verður í gerð nýs vegstæðis yfir Hornafjörð. Sú leið sem aðalskipulag gerir ráð fyrir styttri vegalengdir innan sveitar um tæpa 5 kílómetra en lengir þó ekki leið þeirra sem leið eiga um þjóðveg 1. Árþingið leggur þunga áherslu á að gert verði ráð fyrir brúnni í nýrri 4 ára samgönguáætlun.

### **Nýtt vegstæði yfir þornaðan farveg Skeiðarár.**

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, bendir á að fylgjast þarf grannt með breytingum á farvegi jökulfljóta á Skeiðarársandi og að hefja þurfi rannsókn á vegstæði yfir farveg Skeiðarár en hún fellur nú í Gígjukvísl og að öllum líkindum til frambúðar.

### **Áhersla á tengivegi og safnvegi.**

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, leggur mjög mikla áherslu á að gerðar verði gagngerðar endurbætur á tengi- og safnvegakerfinu eftir tímasettri framkvæmdaáætlun. Mikil umferðaraukning hefur orðið á þessum vegum og þeir gegna mun stærra hlutverki nú en áður vegna breyttra atvinnuhátta og stóraukins ferðamannastraums. Árþingið mótmælir ákvörðun Vegagerðarinnar um að færa tengi- og safnvegi yfir á sveitarfélög sem héraðsvegi. Þá minnir þingið á nauðsyn þess að meðan þessir vegir hafa ekki verið lagðir bundnu slitlagi er mjög brýnt að framlög til viðhalds malarvega og snjómokstur verði aukin.

### **Ný Vestmannaeyjaferja**

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, fagnar tilkomu nýrrar Landeyjahafnar. Ekki er vafi á því að um stórkostlegt framfaraskref er að ræða í samgöngum við Vestmannaeyjar. Mikilvægt er að nýta þau nýju tækifæri sem gefast með tilkomu hafnarinnar og jafnframt að hún verði eins öflug samgönguleið og kostur er. Árþingið bendir þó á mikilvægi þess að undirbúningur að smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju hefjist sem fyrst. Ljóst er að

frátafir verða meiri á siglingum á meðan núverandi Herjólfur verður í ferðum á milli Vestmannaeyja og nýrrar hafnar. Grundvallaratriði er að möguleikar til stórbættra samgangna við Vestmannaeyjar verði nýttir til fulls. Ársþingið leggur áherslu á að ferðatíðni verði nægileg og bendir á, miðað við þá reynslu sem komin er, að nauðsynlegt er að bjóða upp á a.m.k. 4 ferðir á dag. Þá leggur ársþingið áherslu á að Þorlákshöfn verði varahöfn ferjunnar og skorar á Vegagerðina að semja við Sveitarfélagið Ölfus um framtíðar hafnaraðstöðu.

### **Stórskipahöfn í Þorlákshöfn.**

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, leggur áherslu á að ein af forsendum vaxtar og orkufrekrar starfsemi á svæðinu er að stórskipahöfn sé í nágrenninu og að hafnir á Suðurlandi (þ.m.t. Vestmannaeyjum) taki mið af næstu kynslóð skipa. Fyrir liggur að staðsetning orkufrekrar starfsemi í Þorlákshöfn er einkar hagstæð af ýmsum ástæðum og því æskilegt að þar verði í framtíðinni komið upp stórskipahöfn. Þá er ljóst að verulegt hagræði gæti orðið með slíkri höfn fyrir vöruflutninga og ferjusiglingar á milli Íslands og annarra landa vegna styttri siglingaleiðar. Verulegar endurbætur voru gerðar á höfninni í Þorlákshöfn fyrir fáeinum árum. Þrátt fyrir framkvæmdirnar er höfnin ekki stórskipahöfn og því ákveðin takmörk sett. Því er mikilvægt að kannaðir verði allir möguleikar á gerð stórskipahafnar í Þorlákshöfn.

### **Jarðgöng undir Reynisfjall**

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, vekur athygli á því að vegurinn fyrir Reynisfjall er einn erfiðasti faratálmi á þjóðvegi 1 allt austur á land. Leggur mikla áherslu á að jarðgöngum um Reynisfjalli fari nú þegar á samgönguáætlun.

### **Fjarskiptamál**

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, leggur áherslu á að allir landsmenn hafi aðgang að háhraða gagnaflytningakerfi. Þingið leggur áherslu á að fyrirtækjum sem starfa á þessum markaði verði gert skylt að tryggja fullnægjandi gæði á þeim svæðum þar sem þau bjóða þjónustu sína. Sjái þau sér það ekki fært láti Fjarskiptastofnun fara fram útboð á þessum svæðum.

### **Hornafjarðarhöfn**

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, telur mikilvægt að vinna þurfi að framtíðarlausn í málefnum innsiglingar um Hornafjarðarós. Tryggja þarf skipum með djúpristu yfir 7 metra nægjanlegt dýpi yfir Grynnslin og í höfninni sjálfri. Þetta er ein af mikilvægum þáttum í áframhaldandi þróun á fiskveiðum.

### **Almenningssamgöngur**

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, telur mikilvægt að stórefla almenningssamgöngur bæði á Suðurlandi og á milli Suðurlands og höfuðborgarsvæðisins. Efling almenningssamgangna er þjóðhagslega hagkvæm, þær leiða til sparnaðar í rekstri samgöngukerfisins, draga úr

mengun og síðast en ekki síst draga úr útgjöldum einstaklinganna. Sveitarfélagið Árborg og Hveragerðisbær kosta nú að mestu leyti rekstur almenningssamgangna milli Selfoss, Hveragerðis og Reykjavíkur í samvinnu við Strætó bs. Verkefnið hefur gefist vel en ljóst er að ríkið sem hefur einna mestra hagsmuna að gæta leggur aðeins fram brot af hinum samfélagslega kostnaði en viðkomandi sveitarfélög bera meginhluta hans. Mikilvægt er að ríkið komi mun öflugar að þessu þjóðþrifamáli í framtíðinni. Þá leggur ársþingið mikla áherslu að endurskoðun á almenningssamgöngum sem nú fer fram á á vegum samgönguráðuneytisins verði hraðað og að lögð verði áherslu á betri nýtingu fjármuna sem renna til almenningssamgangna með aukinni samnýtingu ferða.

### **Landbrot**

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, telur mikilvægt að sporna við miklu landbroti af völdum sjávar og jökulfljóta sem ógna byggð, vegum og brúm. Brýnt er að fylgjast náið með landbrotið við Jökulsá á Breiðamerkursandi þar sem stutt er orðið frá þjóðvegi niður í fjöruborð. Árið 1994 var gerð áætlun af Siglingastofnun um sjóvörn í Vík. Fjöruborðið er komið langt inn fyrir þau viðmiðunarmörk sem þá voru sett. Einungis eru 50 m frá fjörukambi að íþróttavelli og 180 m að íþróttamannvirkjum.

### **Hornafjarðarflugvöllur**

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, leggur áherslu á að Hornafjarðarflugvöllur fái aftur löggildingu sem millilandaflugvöllur með áherslu á ferju- og einkaflug. Staðsetning flugvallarins gerir það að verkum að hann er fyrsti kostur í ferjuflugi milli megnlands Evrópu og Íslands.

### **Hafnir**

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, leggur áherslu á tryggt verði fé til rannsókna á sandburði í og umhverfis sunnlenskar hafnir Hornafjarðarós, Landeyjarhöfn, Vestmannaeyjahöfn og Þorlákshöfn

### **Umferðaröryggi**

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, bendir á að með tilkomu Landeyjarhafnar hefur stór aukist umferð um þjóðveg 1 á Suðurlandi. Nauðsynlegt er að huga vel að umferð kringum þéttbýlisstaði samanber veginn í gegnum Hvolsvöll.

### **Aðrar ályktanir**

#### **Sameining sveitarfélaga á Suðurlandi.**

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, telur að eðlilegt sé að skoðað verði áfram með sameiningu sveitarfélaga á Suðurlandi þannig að sveitarfélögin verði rekin í skynsamlegum og hagkvæmum einingum en frumkvæðið eigi að koma frá sveitarfélögunum sjálfum.

Allsherjarnefnd vill einnig benda á að sveitarfélög sem vilja skoða sameiningarkosti geti sótt um styrk í Jöfnunarsjóð Sveitarfélaga vegna þeirrar vinnur.

**Jafnvægi í kynjahlutföllum.**

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, vill vekja athygli á kynjahlutföllum í nefndum og stjórnnum stofnana á vegum SASS. Vill nefndin benda sérstaklega á að af 7 formönnum í fastanefndum og stjórn SASS eru 1 karl og 6 konur en í stjórnnum stofnana SASS er þetta jöfn skipti.